



Alþingi
Erindi nr. P 130 / 2357
komudagur 6. 5. 2004

Nefndasviði, 5. maí 2004.

Landbúnaðarnefnd Alþingis,
frú Drífa Hjartardóttir formaður.

Menntamálanefnd Alþingis hefur á fundi sínum fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum, og frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum. Í frumvörpunum er gert ráð fyrir að stofnanirnar Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði lagðar niður sem slíkar. Á grunni þeirra verði til Landbúnaðarháskóli Íslands sem taki við öllum verkefnum, eignum og skuldbindingum stofnananna tveggja.


Nefndin bendir á að í háskólalögum er að finna almenn ákvæði um skipan háskólaráðs sem kveða m.a. á um að bæði kennarar og nemendur skuli eiga fulltrúa í ráði hvers háskóla. Í ljósi samræmingar á löggjöf um háskóla telur nefndin að svipaðar reglur eigi að gilda um landbúnaðarháskólann. Nefndin beinir því einnig til landbúnaðarnefndar að taka til athugunar aðferðir við ráðningu rektors við háskólann.

Nefndin telur það einkenni góðs háskóla að akademískt frelsi sé í rannsóknnum og telur óheppilegt að tilgreina nákvæmlega í lögum að hverju rannsóknir háskóla skuli m.a. beinast. Jafnframt tekur nefndin fram að nauðsynlegt er að tryggt sé að yfirstandandi rannsóknnum við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði engin hættu búið við þá breytingu sem frumvörpin gera ráð fyrir.

Nefndin bendir jafnframt á að með breytingunum sem fyrirhugaðar eru í frumvörpunum yrði stigið fyrsta skrefið í átt að sameiningu eða víðtæku samstarfi þeirra þriggja skóla sem starfa á sviði búnaðarfræðslu, þ.e. landbúnaðarháskólans, Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins. Nefndin telur breytingarnar veganesti í að skoða framhald mála varðandi Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins og skapa heildstæða framtíðarsýn fyrir skólana þrjá.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni gera fyrirvara við þessa umsögn. Þar sem frumvarpið fjallar eingöngu um sameiningu Landbúnaðarháskólans að Hvanneyri og Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins telja þeir vandkvæðum bundið að taka afstöðu til frekari sameiningar á grundvelli þess, enda hafi nefndinni sem undirbjó frumvarpið eingöngu verið fengið það hlutverk að líta til þessara tveggja stofnana. Þá telja þeir óeðlilegt að stofnun þeirri sem hér er að verða til skuli ætlað að starfa eftir tvennum lögum og telja að sameina ætti málefni hennar undir ein lög og eina reglugerð.

F.h. menntamálanefndar Alþingis


Sigrún Brynja Einarsdóttir
nefndaritari

MENNTAMÁLANEFND